

(b) Flutningurinn skal ekki hafa áhrif gagnvart öðrum samningsríkjum fyrr en samkomulagið milli ríkja þeirra sem í hlut eiga hefur annaðhvort verið skráð hjá ráðinu og birt samkvæmt 83. gr. eða aðili að samkomulaginu hefur tjáð stjórnvöldum annars samningsríkis eða samningsríkja þeirra, sem samkomulagið varðar, beint um gerð samkomulagsins og gildissvið þess.

(c) Ákvæðum a- og b-liðar skal einnig beitt um tilvik sem 77. gr. tekur til.

(b) The transfer shall not have effect in respect of other contracting States before either the agreement between States in which it is embodied has been registered with the Council and made public pursuant to Article 83 or the existence and scope of the agreement have been directly communicated to the authorities of the other contracting State or States concerned by a State party to the agreement.

(c) The provisions of paragraphs (a) and (b) above shall be applicable to cases covered by Article 77.

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning til að komast hjá tvísköttun arfs og gjafafjár.

Hinn 2. maí 1990 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar til að komast hjá tvísköttun arfs og gjafafjár sem undirritaður var í Helsinki 12. september 1989.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. maí 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar til að komast hjá tvísköttun arfs og gjafafjár.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem æskja þess að gera samning til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á arf og gjafafé, hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Arfur og gjafir sem samningurinn tekur til

Samningi þessum verður beitt að því er varðar:

a) arf í þeim tilvikum er hinn látni var heimilisfastur í einu eða fleiri aðildarríkjanna þegar hann féll frá,

b) gjafir milli manna þegar gefandi var heimilisfastur í einu eða fleiri aðildarríkjanna á þeim tíma er skattskylda stofnaðist.

2. gr.

Skattar sem samningurinn tekur til

1. Samningur þessi tekur til skatta af arfi og gjafafé sem lagðir eru á af aðildarríki án tillits til þess á hvern hátt þeir eru álagðir.

2. Til skatta á arf teljast allir skattar sem lagðir eru á arf, svo og aðrar eignayfirfærslur, þ. e. lífsgjafir og dánargjafir, sem samkvæmt löggjöf aðildarríkis hafa í för með sér skattskyldu sem verður virk við andlát viðkomandi manns.

3. Til skatta af gjafafé teljast allir þeir skattar sem lagðir eru á eignayfirfærslur sem teljast lífsgjafir og ekki falla undir ákvæði 2. tl., en þó því aðeins að slíkar eignayfirfærslur eigi sér stað án endurgjalds eða án þess að fullt endurgjald komi fyrir.

4. Gildandi skattar sem samningurinn tekur til eru þessir:

a) Í Danmörku: erfðafjárskattur og gjafaskattur auk tekjuskatts af gjafafé;

b) Í Finnlandi: erfðafjárskattur og gjafaskattur, svo og útsvar til sveitarfélaga í þeim mæli sem það er lagt á eignaverðmæti sem hverfa til aðila sem arfshluti, framlag eða umbun samkvæmt 8. kafla erfðalaga á grundvelli erfðaskrár eða gjafar;

c) Á Íslandi: erfðafjárskattur og tekjuskattur af gjafafé;

d) Í Noregi: erfðafjárskattur og gjafaskattur;

e) Í Svíþjóð: erfðafjárskattur og gjafaskattur.

5. Samningurinn tekur einnig til skatta sömu eða svipaðrar tegundar sem lagðir verða á eftir undirritun þessa samnings til viðbótar eða í staðinn fyrir nügildandi skatta. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu gefa hvert öðru upplýsingar um allar meiri háttar breytingar sem gerðar verða á skattalöggjöf hvers aðildarríkis um sig.

6. Samningurinn tekur ekki að því er neitt aðildarríkjanna varðar til sérstakra skatta á happdrætti eða veðmál, gjalda sem tekin eru af skjölum (stimpilgjöld) eða gjalda sem tekin eru í tengslum við skipti dánarbúa (skiptagjöld). Hann tekur heldur ekki til tekjuskatts sem lagður er á hagnað sem samkvæmt löggjöf aðildarríkis myndast við yfirfærslur, né til skatta eða gjalda sem lögd eru á til að vega upp á móti áður leyfðum rétti til frádráttar vegna þess hagnaðar við ákvörðun tekjuskattsstofns.

3. gr.

Almennar skilgreiningar

1. Í samningi þessum merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:

a) „aðildarríki“ merkir Danmörku, Finnland, Ísland, Noreg og Svíþjóð;

„Danmörk“ tekur ekki til Færeyja og Grænlands;

„Finnland“ tekur ekki til landsvæðisins Álands að því er varðar finnskt útsvar til sveitarfélaga;

„Noregur“ tekur ekki til Svalbarða (þ. m. t. Bjarnarey), Jan Mayen og norskra svæða („biland“) utan Evrópu;

b) „arfur“ merkir öll eignaverðmæti sem við yfirfærslu eru háð þess konar skatti af arfi sem samningur þessi tekur til;

c) „gjafafé“ merkir öll eignaverðmæti sem við yfirfærslu eru háð þess konar skatti af gjafafé sem samningur þessi tekur til;

d) „ríkisborgari“ merkir mann sem á ríkisfang í aðildarríki, svo og lögaðila eða önnur samtök sem stofnað er til samkvæmt löggjöf aðildarríkis;

e) „bær stjórnvöld“ merkir:

1) Í Danmörku: skattamálaráðherra;

2) Í Finnlandi: fjármálaráðuneytið;

3) Á Íslandi: fjármálaráðherra að því er snertir gjafafé og félagsmálaráðherra að því er snertir arf;

4) Í Noregi: fjármála- og tollaráðuneytið;

5) Í Svíþjóð: fjármálaráðherra;

eða annað stjórnvöld í hverju þessara ríkja sem falið er að annast málefni varðandi samninginn.

2. Við beitingu aðildarríkis á samningnum skal, nema annað leiði af samhenginu, sérhverft hugtak sem ekki er skilgreint í samningnum hafa þá merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt löggjöf hlutaðeigandi ríkis varðandi þá skatta sem samningurinn tekur til.

4. gr.

Heimilisfesti

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „aðili heimilisfastur í aðildarríki“ sérhvern þann aðila sem lætur eftir sig arf eða innir af hendi gjöf sem greiða ber skatt af í viðkomandi aðildarríki samkvæmt löggjöf þess vegna heimilisfesti, búsetu eða annarrar hliðstæðrar viðmiðunar eða ríkisfangs. Hugtakið tekur hins vegar ekki til aðila í þeim tilvikum sem skattskylda í því ríki takmarkast við eignaverðmæti sem þar eru.

2. Þegar maður telst heimilisfastur í fleiri en einu aðildarríki samkvæmt 1. tl. skal heimilisfesti hans ákvörðuð eftir neðangreindum reglum:

a) Maður telst heimilisfastur í því ríki þar sem hann á fast heimili; eigi hann fast heimili í fleiri ríkjum en einu telst hann heimilisfastur í því ríki sem hann er nánast tengdur persónulega eða fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna);

b) ef ekki er unnt að ákvarða í hvaða ríki maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna eða ef hann á ekki fast heimili í neinu ríkjanna telst hann heimilisfastur í því ríki þar sem hann dvelst að jafnaði;

c) ef maður dvelst að jafnaði í fleiri en einu ríkjanna eða dvelst ekki að jafnaði í neinu þeirra telst hann heimilisfastur í því ríki þar sem hann á ríkisfang;

d) ef maður á ríkisfang í fleiri en einu ríkjanna eða í engu þeirra skulu bær stjórnvöld hlutaðeigandi aðildarríkja leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

3. Ef maður er:

a) ríkisborgari í aðildarríki án þess að eiga ríkisfang í öðru aðildarríki;

b) heimilisfastur samkvæmt 1. tl. í báðum þessum ríkjum vegna annarrar ástæðu en ríkisfangs; og

c) hefur verið heimilisfastur samkvæmt 1. tl. í því ríki, sem hann á ekki ríkisfang í, skemur en fimm ár samanlagt (hér reiknast með tilfallandi fjarvistir) á síðustu sjö árum, skal hann þrátt fyrir ákvæði 2. tl. teljast heimilisfastur í því ríki þar sem hann á ríkisfang.

5. gr.

Fasteignir

1. Fasteign sem fellur í arf eftir mann, sem á dánardegi var heimilisfastur í öðru aðildarríki en því sem fasteignin er í, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Ef fasteign er yfirfærð sem gjöf frá aðila sem er heimilisfastur í aðildarríki á þeim tíma er skattskylda stofnast vegna gjafarinnar, en fasteignin er í öðru aðildarríki, má skattleggja hana í síðarnefnda ríkinu.

3. a) Hugtakið „fasteign“ hefur, nema annað leiði af ákvæðum staflíðar b), sömu merkingu og hugtakið hefur samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem fasteignin er.

b) Hugtakið felur þó í öllum tilvikum í sér fylgifé með fasteign, áhöfn og tæki sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnýtingu, byggingar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamála-réttarins, afnotarétt af fasteign og rétt til breytilegrar eða fastrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu á eða rétt til hagnýtingar á námum, lindum eða öðrum náttúruauðæfum.

4. Yfirfærslu arfs eða gjafar sem fylgin er í hlutabréfum eða öðrum eignarhlutum í félagi sem hefur í raun það meginmarkmið að eiga fasteign má skattleggja í því aðildarríki þar sem sú fasteign er sem félagið á.

5. Ákvæði 1.–4. tl. gilda einnig um fasteign í eigu fyrirtækis og fasteign sem hagnýtt er við sjálfstæða starfsemi.

6. gr.

Fjármunir sem tengjast fastri atvinnustöð eða föstum stað

1. Nú yfirfærast eignaverðmæti fyrirtækis sem arfur eftir mann, sem á dánardegi var heimilisfastur í aðildarríki, og þessi verðmæti eru hluti af fastri atvinnustöð í öðru aðildarríki og má þá skattleggja þau í síðarnefnda ríkinu.

2. Nú yfirfærast fjárverðmæti fyrirtækis sem gjöf frá aðila sem er heimilisfastur í aðildarríki þegar skattskylda stofnast vegna gjafarinnar, en þessi verðmæti eru hluti fastrar atvinnustöðvar í öðru aðildarríki, og má þá skattleggja þau í síðarnefnda ríkinu.

3. Í samningi þessum merkir „föst atvinnustöð“ fasta atvinnustofnun þar sem starfsemi fyrirtækis fer fram að öllu eða nokkru leyti.

4. Hugtakið „föst atvinnustöð“ merkir einkum:

- a) aðsetur framkvæmdastjórnar;
- b) útibú;
- c) skrifstofu;
- d) verksmiðju;
- e) verkstæði; og
- f) námu, olíu- eða gaslind, grjótnámu eða annan stað þar sem náttúruauðæfi eru nýtt.

5. Byggingar-, mannvirkja-, samsetningar- eða uppsetningarframkvæmd eða starfsemi, sem felur í sér hönnun, eftirlit, ráðgjöf eða aðra aðstoð eða framlag starfsliðs í sambandi við slíka framkvæmd, telst því aðeins föst atvinnustöð að framkvæmdin eða starfsemin vari lengur en tólf mánuði í aðildarríki.

6. Við ákvörðun þess tímabils sem um ræðir í 5. tl. skoðast starfsemi, sem rekin er af fyrirtæki sem tengt er öðru fyrirtæki, vera rekin af því fyrirtæki sem það er tengt, svo framarlega sem starfsemin er að verulegu leyti sams konar og sú starfsemi sem síðarnefnda fyrirtækið rekur og starfsemi beggja fyrirtækjanna tengist sömu framkvæmdinni. Fyrirtæki teljast tengd ef annað fyrirtækið tekur beint eða óbeint þátt í stjórn eða yfirráðum hins fyrirtækisins eða á verulegan hluta af fjármagni þess fyrirtækis eða ef sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum beggja fyrirtækjanna eða eiga verulegan hluta af fjármagni þessara fyrirtækja.

7. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar tekur hugtakið „föst atvinnustöð“ ekki til:

a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum í eigu fyrirtækisins;

b) birgðahalds á vörum í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til geymslu, sýningar eða afhendingar;

c) birgðahalds á vörum í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;

d) fastrar atvinnustofnunar sem eingöngu er notuð við vörukaup eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;

e) fastrar atvinnustofnunar sem eingöngu er notuð til að annast sérhverja aðra undirbúnings- eða aðstoðarstarfsemi fyrir fyrirtækið;

f) fastrar atvinnustofnunar sem nýtt er eingöngu til að samhæfa starfsemi sem fellur undir staflíði a)–e), enda felist öll sú starfsemi sem fram fer í þessari föstu atvinnustofnun vegna þessarar samhæfingar í undirbúnings- eða aðstoðarstörfum.

8. Eignaverðmæti sem falla í arf eftir mann, sem við andlátið var heimilisfastur í einu aðildarríki, og tengd eru föstum stað í öðru aðildarríki, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

9. Ef eignaverðmæti eru afhent sem gjöf frá aðila, sem á heimilisfesti í aðildarríki á þeim tíma er skattskylda stofnast vegna gjafarinnar, en verðmætin eru tengd föstum stað í öðru aðildarríki, má skattleggja þau í síðarnefnda ríkinu.

10. „Fastur staður“ merkir stað sem að staðaldri er til umráða til starfrækslu sjálfstæðrar atvinnustarfsemi eða svipaðrar starfrækslu.

11. Þrátt fyrir ákvæði 1.–10. tl. gildir 5. gr. um fasteignir.

7. gr.

Aðrar eignir

1. Eignaverðmæti, sem 5. og 6. gr. taka ekki til og sem falla í arf eftir mann sem á dánardegi er heimilisfastur í aðildarríki, má aðeins skattleggja í því ríki, óháð því hvar þau eru niður komin.

2. Eignaverðmæti, sem 5. og 6. gr. taka ekki til og sem afhent eru sem gjöf frá aðila sem er heimilisfastur í aðildarríki þegar skattskylda stofnast, má aðeins skattleggja í því ríki, óháð því hvar þau eru niður komin.

8. gr.

Skattlagningarréttur til vara

1. Nú getur aðildarríki ekki nýtt rétt sinn til skattlagningar samkvæmt 5.–7. gr. og sú aðstaða hefði í för með sér að yfirfærsla tiltekinna eignaverðmæta yrði ekki skattlögd í neinu aðildarríkjanna og getur þá annað aðildarríki lagt skatt á yfirfærsluna ef skattleysi stafar af því að:

a) fyrrnefnda ríkið hefur ekki heimild samkvæmt eigin löggjöf um landfræðileg takmörk skattskyldu til þess að leggja skatt á eignir sem um er að ræða, eða

b) fyrrnefnda ríkið hefur ekki heimild til skattlagningar samkvæmt eigin löggjöf vegna persónulegra tengsla.

2. Ef fleiri en eitt aðildarríki geta lagt á skatt samkvæmt 1. tl. gilda eftirfarandi reglur um það hvert þeirra hafi rétt til skattlagningar:

- a) Ríkið þar sem arfleifandi eða gefandi var heimilisfastur hefur rétt til skattlagningar.
- b) Ef það aðildarríki þar sem arfleifandi eða gefandi var heimilisfastur getur ekki nýtt sér rétt til skattlagningar á það ríki rétt til skattlagningar þar sem arftakinn eða gjafþeginn var heimilisfastur.
- c) Nú er ekki unnt að ákveða á grundvelli reglnanna í stafliðum a) eða b) hvert af ríkjunum geti lagt á skatt og skulu þá bær stjórnvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

9. gr.

Ákvörðun gjaldstofna og frádráttur

1. Við ákvörðun gjaldstofna skal hvert aðildarríki meta eignir samkvæmt eigin löggjöf. Á sama hátt heimilar hvert ríki frádrátt samkvæmt eigin löggjöf.

2. Við ákvörðun gjaldstofna skal hvert ríki taka tillit til tekna og útgjalda vegna hvers konar eignaverðmæta, þ.m.t. fjárhæðir sem komið hafa í stað slíkra verðmæta, samkvæmt eigin löggjöf.

10. gr.

Aðferð til að komast hjá tvísköttun

1. Hafi arfleifandi eða gefandi verið heimilisfastur í Danmörku, Finnlandi eða Svíþjóð er komist hjá tvísköttun með eftirfarandi hætti:

a) Aðildarríkið þar sem arfleifandi var heimilisfastur á dánardægri skal, þegar það leggur á erfðafjárskatt samkvæmt eigin löggjöf, draga frá fjárhæð (þ. á m. áður eða síðar reiknaðar fjárhæðir), sem greidd hefur verið í öðru aðildarríki í tengslum við sömu yfirfærslu á sömu eignaverðmætum frá sama manni og sem heimilt er að skattleggja í síðarnefnda ríkinu samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

b) Aðildarríkið þar sem gefandi var heimilisfastur skal, þegar það leggur skatt á gjafafé samkvæmt eigin löggjöf, draga frá fjárhæð (þ. á m. áður eða síðar reiknaðar fjárhæðir), sem greidd hefur verið í öðru aðildarríki í tengslum við sömu yfirfærslu milli sömu aðila á sömu eignaverðmætum og sem heimilt er að skattleggja í síðarnefnda ríkinu samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

c) Frádráttur samkvæmt a) og b) liðum þessa töluliðar getur þó í engu tilviki orðið hærri en sá hluti skattsins í fyrirnefnda aðildarríkinu, eins og hann reiknast áður en nokkurt tillit er tekið til frádráttar, vegna þeirra eignaverðmæta sem frádrátturinn varðar.

d) Það skal metið sem sjálfstæð eignayfirfærsla samkvæmt stafliðum a) og b) þegar langlífari maki fær eignaráð bús á grundvelli leyfis til setu í óskiptu búi.

2. Hafi arfleifandi eða gefandi verið heimilisfastur á Íslandi eða í Noregi er komist hjá tvísköttun með eftirfarandi hætti:

a) Aðildarríkið þar sem arfleifandi var heimilisfastur á dánardægri skal undanþiggja eignaverðmæti erfðafjárskatti sem í tengslum við sömu yfirfærslu á sömu eignaverðmætum frá sama manni má skattleggja í öðru aðildarríki samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

b) Aðildarríkið þar sem gefandi var heimilisfastur skal undanþiggja eignaverðmæti gjafaskatti sem í tengslum við sömu eignayfirfærslu milli sömu aðila á sömu eignaverðmætum má skattleggja í öðru aðildarríki samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

c) Aðildarríkið getur í öllum tilvikum við álagningu skatts á önnur eignaverðmæti í því ríki talið eignaverðmæti, sem undanþegin eru í því ríki, með þegar gjaldstofnar eru ákveðnir.

3. Að því er þau eignaverðmæti varðar sem frádráttarákvæði 1. tl. taka til eða eru undanþegin skattskyldu samkvæmt 2. tl. tekur hvert ríki við ákvörðun gjaldstofna tillit til tekna og gjalda varðandi hvers kyns verðmæti, þ. m. t. fjárhæðir sem komið hafa í stað þessara verðmæta, samkvæmt eigin löggjöf.

11. gr.

Jafnrétti

1. Ríkisborgari aðildarríkis skal, án tillits til þess hvar hann er heimilisfastur, ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í öðru aðildarríki en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða gætu sætt við sömu aðstæður.

2. Ríkisfangslaus maður heimilisfastur í aðildarríki skal ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í neinu aðildarríkjanna en ríkisborgarar viðkomandi ríkis sæta eða gætu sætt við sömu aðstæður.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. gilda ákvæði þessarar greinar um hvers konar skatta, hverju nafni sem þeir nefnast.

12. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags

1. Þegar aðili telur að eitt eða fleiri aðildarríkjanna geri ráðstafanir sem leiði til eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa, getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt réttarúrræði sem löggjöf þessara ríkja kveða á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því aðildarríki þar sem hann er heimilisfastur eða, svo framarlega sem málefnið fellur innan ákvæða 1. tl. 11. gr., í því aðildarríki þar sem hann er ríkisborgari. Skal leita úrlausnar innan þriggja ára frá þeim degi sem hann fékk fyrst vitneskju um þá ráðstöfun sem hefur í för með sér skattlagningu sem hann telur ekki vera í samræmi við ákvæði samningsins.

2. Ef bært stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í öðru aðildarríki sem málið varðar, í því skyni að komist verði hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við samninginn. Hafi mótmæli verið borin fram við bært stjórnvald í ríki sem ekki er sjálft málsaðili skal það bæra stjórnvald framsenda málið til bærstjórnvalds í einhverju þeirra ríkja sem málið varðar.

3. Í því tilviki að upp rísi erfiðleikar eða vandamál milli aðildarríkja varðandi túlkun eða beitingu ákvæða samningsins skulu bær stjórnvöld í þeim ríkjum ráðgast sín í milli til þess að reyna að leysa málið með sérstöku samkomulagi. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum geta einnig ráðgast sín í milli til að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem samningurinn nær ekki til eða til að leysa með sérstöku samkomulagi atriði sem ekki eru fastar reglur um í samningnum en geta komið upp í sambandi við skatta samkvæmt 2. gr. vegna mismunandi grundvallarreglna hlutaðeigandi ríkja við útreikning skatta eða af öðrum ástæðum.

Áður en ákvörðun er tekin í máli sem fellur undir 1. mgr. skal tilkynna bærum stjórnvöldum í öðrum aðildarríkjum sem fyrst niðurstöður málsumleitana sem þar um ræðir. Telji bært stjórnvald í aðildarríki að samningaumleitani skuli fara fram milli bærra stjórnvalda í öllum aðildarríkjunum skulu slíkar umleitanir fara fram án tafar að beiðni bærstjórnvalds í því aðildarríki.

13. gr.

Sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisstofnunar

Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á skattaúvilnanir sem sendiráðsmenn eða starfsmenn ræðisstofnunar njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

14. gr.

Landfræðileg rýmkun

1. Rýmka má gildissvið samnings þessa, annaðhvort í heild eða með nauðsynlegum breytingum, þannig að hann nái til svæða sem undanþegin eru gildissviði samningsins samkvæmt ákvæðum a)-liðar 1. tl. 3. gr. á þeim grundvelli að þar séu lagðir á skattar sem eru sams konar eða í meginatriðum svipaðir þeim sköttum sem samningurinn tekur til. Allar slíkar rýmkanir skulu gilda frá þeim degi og með þeim breytingum og skilyrðum, að meðtöldum uppsagnarákvæðum, sem sérstaklega yrði samið um milli aðildarríkjanna með erindaskiptum eftir diplómatískum leiðum.

2. Verði samningurinn felldur úr gildi samkvæmt 16. gr. skal hann einnig falla úr gildi varðandi hvert það svæði sem hann hefur verið látinn ná til vegna rýmkunar samkvæmt þessari grein nema aðildarríki hafi komið sér saman um annað.

15. gr.

Gildistaka

1. Samningur þessi öðlast gildi á þritugasta degi eftir þann dag er öll aðildarríkin hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að samningurinn hafi verið staðfestur. Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðildarríkjum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag sem samningurinn tekur gildi.

2. Eftir að samningurinn hefur öðlast gildi skal ákvæðum hans beitt:

a) að því er tekur til erfðafjárskatts, um dánarbú þeirra sem andast á sextugasta degi eftir þann dag, sem samningurinn öðlaðist gildi, og síðar;

b) að því er tekur til gjafaskatts, um gjafaskattsskyldu sem stofnast í einu aðildarríkjanna á sextugasta degi eftir þann dag, sem samningurinn öðlaðist gildi, og síðar.

3. Neðangreindir samningar skulu hætta að gilda um arf og gjafafé sem samningur þessi tekur til samkvæmt 2. tl.:

Samningur frá 17. desember 1949 milli Konungsríkisins Noregs og Konungsríkisins Svíþjóðar til að komast hjá tvísköttun varðandi skatta af erfðafé;

Samningur frá 31. mars 1950 milli Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar til að komast hjá tvísköttun varðandi skatta af erfðafé;

Samningur frá 27. október 1953 milli Konungsríkisins Danmerkur og Konungsríkisins Svíþjóðar til að komast hjá tvísköttun varðandi skatta af erfðafé, með síðari breytingum;

Samningur frá 29. mars 1954 milli Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Noregs til að komast hjá tvísköttun varðandi erfðafé;

Samningur frá 18. júlí 1955 milli Konungsríkisins Danmerkur og Lýðveldisins Finnlands til að komast hjá tvísköttun varðandi erfðafé, með síðari breytingum;

Samningur frá 23. maí 1956 milli Konungsríkisins Danmerkur og Konungsríkisins Noregs til að komast hjá tvísköttun á erfðafé.

Þessir samningar falla úr gildi við síðustu tímamörk þegar núverandi samningi samkvæmt tilvitnuðum tölulíð skal beitt.

4. Ennfremur skal samningi, sem á hverjum tíma gildir milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, ekki beitt að því er varðar tekjuskatt á gjafafé sem þessi samningur tekur til samkvæmt 2. tl.

16. gr.

Uppsögn

Aðildarríki getur í síðasta lagi 30. júní á sérhverju almanaksári, sem hefst eftir að líðin eru fimm ár frá gildistökudegi samnings þessa, sagt honum upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til finnska utanríkisráðuneytisins, sem tilkynnir hinum aðildarríkjunum um móttöku slíkrar tilkynningar og um efni hennar. Hafi ákvæðanna um uppsagnartíma verið gætt fellur samningurinn úr gildi í samskiptum milli þess ríkis sem sagt hefur honum upp og annarra aðildarríkja:

a) að því er tekur til erfðafjárskatts, um dánarbú þeirra sem andast á sextugasta degi eftir þann dag er finnska utanríkisráðuneytið veitti tilkynningu um uppsögn viðtöku, eða síðar;

b) að því er tekur til gjafaskatts, um gjafaskattsskyldu sem stofnast í hlutaðeigandi ríkjum á sextugasta degi eftir þann dag er finnska utanríkisráðuneytið veitti tilkynningu um uppsögn viðtöku, eða síðar.

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í finnska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum aðildarríkjunum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Helsinki hinn 12. september 1989 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland og hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.